

Reglur um innritun í 5 ára bekk Flataskóla

Sótt er um í 5 ára bekk í Flataskóla á Mínum Garðabæ. Skilyrði fyrir dvöl í 5 ára bekk er að barn eigi lögheimili í Garðabæ, en barnið getur verið á biðlista þótt lögheimili sé annars staðar.

Úthlutun /innritun í leikskóla

Innritun í 5 ára bekk Flataskóla fer fram í mars og apríl en hún er þó ekki endanleg þar sem alltaf eru einhverjar breytingar á búsetu. ***Við innritun í 5 ára bekk er tekið mið af kennitölu barna, þau elstu fá úthlutað fyrst.***

Innritun

Foreldrum er sent bréf þegar barn fær leikskóladvöl. Það er sent á vormánuðum þegar innritun lýkur.

Foreldrar hafa 10 daga umhugsunarfrest, eftir það er barnið tekið af biðlista.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda dag hvers mánaðar. Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskóladvöl. Þegar uppsagnarbréf er afhent hafa foreldrar fengið viðvörun og tækifæri til að ganga til samninga um vangoldin gjöld.

Starfstími

Opnunartími 5 ára bekkjar í Flataskóla er virka daga frá kl. 08.00-17.00 (enginn morgunmatur). Leikskólar í Garðabæ eru opnir allt sumarið en börn skulu taka fjögurra vikna samfelld sumarleyfi.